

LESTUR OG SPJALL



Á UNÐAN LESTRINUM

- Lestu bókina áður en þú lest hana upphátt fyrir börnin. Hugsaðu um hvað þú ætlar að **spjalla** um og spyrja nánar út í.
- Lestu í rólegum og öruggum aðstæðum.
- Kynntu bókina fyrir börnunum. **Spjallaðu** um forsíðuna og baksíðuna. Hvað ætli bókin fjalli um? Hvað ætli standi utan á bókinni? Segðu frá höfundinum og hver myndskreytti bókina.
- Notaðu opnar spurningar um útlit og innihald bókarinnar (forspá).
- Leyfðu e.t.v. börnunum að handleika hluti sem hafa sérstaka þýðingu í sögunni.



www.clipartof.com · 1075235

Með leyfi frá „SPROGPAKKEN“: <http://www.sprogpakken.dk/>

Á MEÐAN LESIÐ ER

- Hlustaðu á börnin og vertu opin fyrir spurningum og athugasemdum þeirra á meðan lesið er. Þegar börnin spyrja, stoppaðu lesturinn og **spjallaðu** við þau um möguleg svör.
- Fylgdu eftir forvitni barnanna, spurðu þau hvað vekur mestan áhuga í sögunni og **BÍDDU** eftir svörum þeirra. **HLUSTAÐU** á svörin og hvettu þau til að taka þátt í samræðunum.
- Virkjaðu börnin til að taka þátt í frásögninni.

Við **endurlestur**, hvettu börnin til að segja frá því sem þau muna úr sögunni, t.d. út frá myndunum. Hjálpaðu börnunum að setja orð á frásögnina ef þau muna ekki réttu orðin og atburðina. Útskýrðu orð sem barnið þekkir ekki og bættu við nýjum orðum.



AÐ LOKNUM LESTRI

- SPJALLAÐU** við börnin um innihald bókarinnar eftir að lestrinum er lokið. Notaðu nýju orðin sem komu fram í bókinni vegna þess að því oftast sem barnið heyrir orðin því meiri líkur eru á að það muni þau og noti í frásögnum og samtölum.



Að lesa og spjalla er aðferð sem er þróuð af G. J. Whitehurst.

Alþjóðlegar rannsóknir sýna að þessi aðferð stuðlar að auknum orðaforða og samskiptahæfni barna. Nýjar rannsóknir sýna að **lestur og spjall** eykur orðaforða og getu barna til að orða flóknari setningar. Þau eiga einnig auðveldara með að ræða saman og eiga í samskiptum sem jafningjar. Að auki gerir lesturinn þau áhugasamari um bækur og tungumálið og veitir innsýn í menningu barnabóka. Lestur og spjall ýtir einnig undir forvitni barnsins um ritmálið og ævintýraheim þess.



Skólaskrifstofa Austurlands 20 ára - Bættur námsrángur á Austurlandi